


BORGARRÁÐ 18.8.'16: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokks vegna niðurfellingar strætisvagnaaksturs um Reynisvatnsveg - R16080093

Óskað er eftir rökstuðningi fyrir þeirri ákvörðun að fella niður strætisvagnaakstur um Reynisvatnsveg í Grafarholti. Ofan við veginn er fjölmenn íbúabyggð, m.a. stúdentagarðar, en við byggingu þeirra á sínum tíma voru gefin sérstök fyrirheit um að séð yrði til þess að þeir yrðu vel tengdir strætisvagnakerfi borgarinnar. Þá er enn og aftur óskað eftir heildstæðum rökstuðningi fyrir þeirri ákvörðun að í leiðakerfisbreytingum Strætó bs. að undanfögnu hefur strætisvagnþjónusta verið skert mest í eystri hverfum borgarinnar.

Reykjavík 9. mars 2017.



Fyrirspurn frá Borgarráði.

Beðist er velvirðingar á seinum svörum.

Hjálagt er minnisblað um fyrirhugaðar breytingar, haustið 2016, sem kynnt var í stjórn Strætó og samþykkt að senda til umsagnar í sveitarfélögum. Minnisblaðið var í framhaldinu sent til allra eigenda Strætó til umsagnar. Engar athugasemdir bárust og var því ráðist í leiðarkerfisbreytingar í samræmi við umræður á stjórnarfundum.

Mjög fáar ábendingar hafa borist frá íbúum í Grafarholti eða Úlfársdal vegna breytinganna. Við breytinguna var til þess hugsað að allir hefðu valmöguleika á að nota almenningssamgöngur áfram.

Leið 18 keyrir nú hring í stað þess að fara inn og út úr hverfi og er það hagkvæmara og betri þjónusta fyrir notendur. Græna leiðin var því valin af þeim sviðsmyndum sem settar voru upp í viðkomandi minnisblaði.

Virðingarfylltst,

Jóhannes Rúnarsson

Framkvæmdastjóri Strætó.

Meðfylgjand:

Minnisblað um sumaráætlun 2



Minnisblað

17.5.2016

Til efni

Mögulegar

leiðakerfisbreytingar haustið 2016 í Reykjavík

Höfundur

Ragnheiður Einarsdóttir

Yfirfarid

Jóhannes Svavar Rúnarsson

INNGANGUR

Hér verður fjallað um nokkrar breytingartillögur sem koma til greina fyrir haustáætlun strætó 2016 sem mun taka gildi 14. ágúst.

AKSTRI HÆTT Í HÁDEGISMÓA EÐA AÐ LEIÐ 16 AKI Í HÁDEGISMÓA Í STAÐ LEIÐAR 5


Lagt er til að akstri verði hætt í Hádegismóa en þessi aukakrókur sem ekinn er af leið 5 tekur u.þ.b. 2 mínútur í hverri ferð og er u.þ.b. 1,2 km að lengd og því má ætla að kostnaðurinn við þennan akstur sé tæplega 4 m.kr. á ári. Skv. farþegatalningu 2015 var fjöldi innstiga í Hádegismóum einungis 4 í aðra áttina en 0 í hina áttina að meðaltali á virkum degi.

Ef ekki verður ákveðið að hætta akstri í Hádegismóa er lagt til að leið 16 aki krókin í Hádegismóa í stað leiðar 5 og myndi þá nýta til þess tímann sem hún er í dag að tímajafna við Hraunsás sem eru 3 mínútur. Leið 16 er á hálf tíma tíðni allan daginn en leið 5 á 15 mínútna tíðni á annatíma þannig að tíðni ferða í Hádegismóa myndi minnka enda kannski ekki þörf á 15 mínútna tíðni á annatíma fyrir svo fáa farþega.

BREYTING Á AKSTURSLIÐ LEIÐAR 18

Leið 18 aki um nýjan veg, Fellsveg sem sparar tíma í akstri og einn vagn sem gerir það að verkum að leið 18 passar betur við leið 6 í Spöng fyrir íbúa Borga- og Víkurhverfis. Það bætast við a.m.k. tvær stoppistöðvar, við Fellsveg og Úlfarsbraut (sjá mynd).

Leið 18 myndi þá aka eins og sýnt er með blárrí línu á mynd en tveir möguleikar eru á akstursleið á milli Úlfarsárdals og Grafarvogs. Þar kemur til greina annars vegar akstursleið sem færi í Bauhaus og Korputorg (appelsínugul leið) og hins vegar leið sem færi Lambhagaveg og Reynisvatnsveg með möguleika á nýrri stoppistöð við undirgöng við gatnamót Lambhagavegar og Reynisvatnsvegar (græn leið).



Ef appelsínugula leiðin yrði valin helst þjónustan sem er í dag við Korputorg, Bauhaus og Úlfarsá óbreytt en þessar stöðvar myndu detta út af leiðinni yrði græna leiðin valin. Skv. farþegatalningu 2015 voru 5 innstig að meðaltali virka daga við Korputorg í aðra áttina og 2 í hina áttina og við Bauhaus var 1 innstig að meðaltali virka daga í aðra áttina og 0 innstig í hina áttina.

Á hinn bóginn dettur út þjónusta við stúdentagarða við Reynisvatnsveg en þar voru 17 innstig á dag í aðra áttina en 2 í hina áttina skv. farþegatalningu 2015. Græna akstursleiðin gæti hins vegar þjónað stúdentagörðunum ef ný stopplstöð yrði gerð á Lambhagavegi.

Græna akstursleiðin er styttri og beinni en appelsínugula leiðin en miðað við gróft mat þá munar u.þ.b. 2,2 km og 2-3 mínútum sem þýðir að appelsínugula leiðin kostar u.þ.b. 10-15 m.kr. meira á ári en græna leiðin.